

## Efni fundar: 21. fundur kennararáðs, sjá meðf. dagskrá

Reykjavík, 25. ágúst 2022

Tilvísun: M22080071

**Fundarmenn** Birgir Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir (HÍ), Guðjón Hreinn Hauksson (KÍ), Guðmundur Engilbertsson (HA), Helga Kristín Kolbeins (SMÍ), Haraldur Freyr Gíslason (KÍ), Ingimar Ólafsson Waage (LHÍ), Jónína Hauksdóttir (KÍ), Kristín Jónsdóttir (HÍ), Ragnar F. Ólafsson (MMS), Sonja Dögg Pálsdóttir, Svandís Ingimundardóttir (SÍS), Þorgerður Laufey Diðriksdóttir (KÍ).

**Fjarverandi:** Nöfn í stafrófsröð

**Fundarritarar:** Birgir Ásgeirsson og Sonja Dögg Pálsdóttir

### Dagskrá fundar:

1. Upphaf, dagskrá fundar og fundargerð 20. fundar
2. Yfirlit annars starfsárs kennararáðs 2021-2022
3. Starfsáætlun 2022-2023
4. Reglugerðin og kynning á lögum 95/2019
5. Önnur mál

### Umræður og ákvarðanir:

1. Formaður bar upp dagskrá fundarinnar og fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá né fundargerð 20. fundar og skoðast hún því samþykkt. Nýir fulltrúar KÍ, SÍS og SMÍ munu taka við í haust og verða skipunarbréf send á næstu vikum.
2. Formaður kynnti yfirlit annars starfsárs kennararáðs 2021-2022. Yfirlitið verður sett fram á vefsíðu kennararáðs. Lagt var til að athygli yrði vakin á störfum ráðsins meðal hagsmunaaðila, ekki var tekin ákvörðun um hvaða leiðir væru best til þess fallnar. Nánar verður fjallað um málið síðar. Meðlimir ráðsins voru hvattir til að kynna yfirlits kennararáðs eftir því sem við á.
3. Lokadrög að starfsáætlun fyrir 2022-2023 lögð fram. Drög höfðu verið lögð fram áður og eru lokadrög uppfærð útgáfa eftir athugasemdir frá ráðinu. Starfsáætlun 2022-2023 samþykkt.
4. Varaformaður kynnti stöðu reglugerðarinnar. Tvær umsagnir bárust í samráðsgátt sem teknar hafa verið til skoðunar í ráðuneytinu. Gerð hefur verið lítilsháttar breyting á 4. gr. á þann veg að orðinu *velferð* var bætt við. Stefnt er að birtingu reglugerðar í Stjórnartíðindum fyrri hluta september.  
Fyrirhugaðar eru kynningar á lögum nr. 95/2019 ásamt reglugerð um hæfniramma og leiðbeiningum um ráðningar í haust. Þegar hafa verið bókaðir þrír kynningarfundir í september í samstarfi við KÍ (FG og SÍ) og SÍS og áformað er að fram fari kynning fyrir stjórnendur í framhaldsskólum í kjölfarið.

5. Önnur mál.
  - a. Fram komu áhyggjur af obeldismálum sem upp hafa komið í grunnskólum.

Næsti fundur:

22. september 2022

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara:

BÁ/SDP